

Menntamálaráðherra og samgönguráðherra annars vegar og Fjórðungssamband Vestfirðinga hins vegar fyrir hönd eftirtalinna sveitarfélaga á Vestfjörðum: Árneshrepps, Bolungarvíkurkaupstaðar, Bæjarhrepps, Ísafjarðarbæjar, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, gera með sér svofelldan

## SAMNING

um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál.

### 1. gr.

#### Markmið

Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Vestfjörðum og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í Fjórðungssambandi Vestfirðinga við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt er með samningi þessum stefnt að því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landshlutanum.

### 2. gr.

#### Menningarráð Vestfjarða

Menningarráð Vestfjarða er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum fyrir menningarmál og hefur meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæði sínu, að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna á Vestfjörðum samkvæmt ákvæðum samningsins og hafa eftirlit með framkvæmd hans.

Sveitarfélög á þremur samstarfssvæðum, Strandasýsla og Reykhólahreppur, Vestur-Barðastrandarsýsla og Ísafjarðarsýslur hafa það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á Vestfjörðum.

Menningarráð skal skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara, á grundvelli samstarfssvæða um menningarmál. Fulltrúar skiptast þannig: Einn fulltrúi frá Strandasýslu og Reykhólahreppi, einn fulltrúi frá Vestur-Barðastrandarsýslu, einn fulltrúi frá Bolungarvík og Súðavík og tveir fulltrúar frá Ísafjarðarbæ. Auk þess tilnefnir Fjórðungssamband Vestfirðinga tvo fulltrúa.

Kostnaður við starfsemi ráðsins, m.a. vegna aðstöðu og starfsmanns, skal greiddur af því fé sem veitt er til að efna samning þennan og með beinum framlögum sveitarfélaganna á svæðinu.

### 3. gr.

#### Ríkisframlag til menningarmála

Stuðningur ríkisins, f.h. ríkissjóðs við menningarstarf og samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt samningi þessum er tvíþættur:

- a. Veitt er fé til einstakra verkefna,
- b. Veitt er mótframlag til reksturs Menningarráðsins.

Menntamálaráðuneyti og samgönguráðuneyti beita sér fyrir því að framlög ríkisins verði að lágmarki sem hér segir:

- a. Árið 2007 30 millj. kr.
- b. Árið 2008 32 millj. kr.
- c. Árið 2009 33 millj. kr.

Fjárveitingar eru með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Greiðslur samkvæmt þessari grein taka hvorki til greiðslna til byggðasafna, náttúruminjasafna eða listasafna á grundvelli safnalaga nr. 106/2001 né til héraðsskjalasafna á grundvelli laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með síðari breytingum. Samningur þessi nær ekki til annarra framlaga ríkisins á fjárlögum, en birta skal yfirlit yfir framlög til þeirrar starfsemi í fylgiskjali með samningnum. Framlög til stofnstyrkja eru ekki hluti af samningi þessum og skal um slíka styrki semja sérstaklega milli aðila.

#### 4. gr.

##### Hlutverk sveitarfélaga

Sveitarfélögin á Vestfjörðum beita sér fyrir því að heildarframlög þeirra til menningarmála verði að lágmarki sem hér segir:

- Árið 2007 85 millj. kr.
- Árið 2008 85 millj. kr.
- Árið 2009 85 millj. kr.

Sveitarfélögin skulu vinna að því að auka ráðstöfunarfé Menningarráðs Vestfjarða hvort heldur er með framlögum frá einkaaðilum eða með eigin framlögum. Skal við það miðað að árið 2008 nemi framlag sveitarfélaganna a.m.k. 17,5 hundraðshlutum af þeirri heildarfjárhæð sem veitt er til verkefnastyrkja og 25 hundraðshlutum árið 2009.

Sveitarfélögin skulu greiða að lágmarki þriðjung kostnaðar vegna starfsemi Menningarráðs Vestfjarða, þ.m.t. skrifstofuhald og laun, árið 2008 og helming kostnaðar árið 2009.

#### 5. gr.

##### Meðferð styrkumsókna

Menningarráð Vestfjarða úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Vestfjörðum á grundvelli umsókna og gerir skriflega samninga um skyldur styrkhafa vegna þeirra verkefna sem hljóta styrk. Í samningum skulu koma fram markmið verkefna og hvaða mælikvarðar verða lagðir til grundvallar þegar árangur er metinn. Auglýst skal opinberlega eftir umsóknum um styrki.

Taka skal m.a. mið af eftirfarandi við afgreiðslu umsókna að:

- efla samstarf á sviði menningarmála;
- styrkja menningarlega stöðu svæðisins;
- samnýta krafta sveitarfélaga á svæðinu;
- bæta nýtingu fjármuna til málaflokksins;
- styðja við menningararfinn;
- styðja við menningarhátíðir og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni;

- auka stuðning við menningarstarf ungs og aldraðs fólks;
- efla menningartengda ferðaþjónustu og styðja sérstaklega við verkefni sem laðað geta að ferðamenn;
- efla nýsköpun í verkefnum tengdum menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.

#### 6. gr.

##### Aðrir styrkir

Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að menningarstofnanir, félag og einstaklingar sem njóta styrkja á grundvelli þessa samnings sækji um styrki til opinberra sjóða á menningarsviðinu.

#### 7. gr.

##### Skýrslur um ráðstöfun styrkja

Menningarráð Vestfjarða skal í febrúarmánuði ár hvert senda menntamálaráðuneyti skýrslu um framkvæmd samningsins þar sem m.a. er gerð grein fyrir skiptingu framlaga samkvæmt samningi þessum, hvernig sveitarfélögin hafi staðið við skuldbindingar sínar gagnvart samningnum, ásamt því sem árangur verkefna sem hlutu styrk er metinn.

#### 8. gr.

##### Uppsögn og endurskoðun

Telji annar samningsaðili að hinn uppfylli ekki samningsbundnar skyldur sínar getur hann gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa á samningstímabilinu, ef sérstakt tilefni gefst.

#### 9. gr.

##### Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir til ársloka 2009. Heimilt er samningsaðilum að framlengja samninginn um tvö ár að loknu árangursmati sem fram skal fara vorið 2009. Matið skal framkvæmt af aðila sem samningsaðilar koma sér sameiginlega um.

#### 10. gr.

##### Lögsaga

Leysi samningsaðilar ekki ágreiningsmál sem rísa kann vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.

Framangreindu til staðfestu eru undirskriftir aðila.

Staðarflöt í Hrótafirði, 1. maí 2007

F.h. menntamálaráðuneytis

F.h. samgönguráðuneytis

---

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
menntamálaráðherra

---

Sturla Böðvarsson  
samgönguráðherra

F.h. sveitarfélaganna í Fjórðungs-  
Sambandi Vestfirðinga

Staðfest af hálfu fjármálaráðuneytis

---

Anna Guðrún Edvardsdóttir  
formaður

---

Árni M. Mathiesen  
fjármálaráðherra

Fylgiskjal með samningi þessum er:

- Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum.
- Drög að samstarfssamningi sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál.
- Framlög á fjárlögum 2007 til menningarmála á Vestfjörðum á liðum menntamálaráðuneytis.

Framlög á fjárlögum 2007 til Vestfjarða, sbr. 3. gr. samningsins.

**Verkefnastyrkir:**

919-198-1.90 Söfn - ýmis framlög

Galdrasýning á Ströndum, samn 6,0 m.kr.

982-190 Listir

Harmonikkufélag Vestfjarða 0,4 m.kr.

Kómedíuleikhúsið 1,5 m.kr.

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar 2,5 m.kr.

Listasumar í Súðavík 0,5 m.kr.

983-Utgáfumál

Strandir, byggðasaga 1,0 m.kr.

999-190 Ýmis framlög

Holt í Önundarfirði 1,0 m.kr.

Hús og fólk, Flateyri 1,0 m.kr.

Snjáfjallasetur 2,0 m.kr.

Sögufélag Barðstr., Ísafjarðar og

Bún. sambands Vestfj 3,0 m.kr.

Vestfirðir á miðöldum 5,0 m.kr.

Samtals: 23,9 m.kr.

**Stofnstyrkir:**

919-690 Söfn

Minjasafnið á Hnjóti 2,0 m.kr.

Safnhús í Neðstakaupstað, Ís 6,0 m.kr.

Sauðfjársetur á Ströndum 5,0 m.kr.

Sjóminjasafnið Ósvör 5,0 m.kr.

Viðgerðir á Listasafni Samúels Jóns í Selárd 2,0 m.kr.

999-690 Ýmislegt

Bátarnir Sædís og Jóhanna 7,0 m.kr.

Björgunarskútan María Júlía 3,0 m.kr.

Skrímslasetur á Bíldudal 3,0 m.kr.

Ölver, vélbátur 3,0 m.kr.

Samtals: 36,0 m.kr.

Samtals árið 2007

**Samtals: 59,9 m.kr.**